

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fjallað verði um málefni leikskóla og styttingu vinnuvikunnar á fundi skóla- og frístundaráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að á næsta fundi skóla- og frístundaráðs verði fjallað um málefni leikskóla Reykjavíkur. Farið verði yfir styttingu vinnuvikunnar og hvort að hún sé að hafa áhrif á starf leikskólanna þannig að meira álag sé að myndast á starfsfólk. Eins verði farið yfir mönnunarmál og það hvort að mikið hafi verið um það síðustu mánuði að leikskólar hafi orðið að senda börn heim vegna manneklu. Fulltrúum Sjálfstæðisflokks hafa borist töluvert af erindum þess efnis að foreldrar hafa orðið að hafa börn sín heima vegna manneklu, fulltrúarnir vilja að málið sé sett á dagskrá næsta fundar til þess að geta áttað sig betur á stöðunni og rætt til hvaða aðgerða sé hægt að grípa til að lagfæra hana.